

Miðvikudaginn 7. marz 1973.

Nr. 146/1972: **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Georgssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kváðu upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Einar Guðmundsson og Páll Þorbjörnsson, fyrrverandi skipstjórar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa komið fyrir dóm Sigurður Þorkell Árnason, skipherra á Óðni, og Kristján Þorbergur Jónsson, stýrimaður á sama skipi. Telja þeir báðir, að svo stöðug gát hafi verið höfð á athugunartímanum á báti þeim, sem ákærði stjórnaði, að fyrir það sé girt, að farið hafi verið bátavillt. Varði skýrslur þeirra um aðför að báti ákærða með örugrri vissu þann bát og engan annan.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóupprátt staðarákvarðanir, sem gerðar voru af skipstjórnamönnum varðskipsins Óðinn og lúta að báti þeim, v/b Heimaey, VE 1, sem ákærði stjórnaði hinn 19. september 1972, og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Segir m. a. svo í greinargerð skólastjórans, dags. 8. desember 1972:

„Ég hef kosið að setja athuganirnar út í sjókort nr. 32, þar sem það er í stærri mælikvarða en sjókort nr. 30 auk þess sem mælistaðir eru greinilegri í því korti.

Á kortinu eru staðir varðskipsins auðkenndir með svörtum lit, en staðir bátsins með rauðum lit. Þar eru:

- A** = staður varðskipsins kl. 0135 h. 19/9 '72. Þá mælist báturinn á stað a um 1,65 sjóm. frá landi, eða um 1,35 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.
- B** = staður varðskipsins kl. 0141. Þá mælist báturinn á

- stað **b** um 1,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- C** = staður varðsupsins kl. 0147. Þá mælist báturinn á stað **c** um 0,75 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- D** = staður varðsupsins kl. 0153. Þá mælist báturinn á stað **d** um 0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- E** = staður varðsupsins kl. 0201 við bátinn. Staður **e** mælist um 0,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 4,5 sjóm., b—c um 4,0 sjóm., c—d um 5,5 sjóm. og d—e um 3,6 sjóm.

Við þessa útreikninga er það að athuga, að tíminn milli mælistaða er aðeins tiltekinn með mínútu nákvæmni, auk þess að hér er um stutt tímabil að ræða. Má því gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli mælistaða.

Meðalhraði milli a og E reiknast mér samkvæmt þessu um 4,4 sjóm.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Sperry-radars varðsupsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins mest innan við 0,1 sjóm. utar frá landi.“

Samkvæmt gögnum máls þykir sannað, að skip ákærða v/b Heimaey, VE 1, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem ákæra lýtur að. Varðar brot hans við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir, þó svo, að til viðbótar lögum nr. 89/1971 komi lög nr. 101/1972, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og í stað reglugerðar nr. 3/1961 komi reglugerð nr. 186/1972, en heimilt er með vísan til 118. gr. laga nr. 82/1961 að dæma ákærða áfall samkvæmt henni, enda var mál reifað að því leyti í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 1. marz 1973, jafngilda 100 gullkrónur 5.394.87 seðlakrónum. Stærð skipsins er rétt greind í héraðsdómi.

Samkvæmt framangreindum refsíákvæðum, sbr. lög nr. 4/1924, þykir refsing hæfilega ákveðin krónur 60.000.00 sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði

héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Heimaeyjar, VE 1, svo og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 12.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Georgsson, greiði kr. 60.000.00 sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Heimaeyjar, VE 1, skulu óröskuð svo og málskostnaðarákvæði hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vesmannaeyja 21. september 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dags. 20. þ. m., á hendur Sigurði Georgssyni, Austurhlíð 1, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélbátnum Heimaey, VE 1, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 89/1971 og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 19. september 1972 út af Hjörleifshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D 2 og D 1 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákæríst því nefndur Sigurður Georgsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr. laga nr.

62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds skips og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, Sigurður Georgsson, er fæddur 1. marz 1941 í Vestmannaeyjum og hefur ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dagsettri 19. þ. m., segir svo:

„Þriðjudaginn 19. september 1972 var m.b. Heimaey, VE-1, skipstjóri Sigurður Georgsson, fæddur 1. marz 1941, til heimilis að Austurhlíð 1, Vestmannaeyjum, staðinn að ólöglegum togveiðum undan Hjörleifshöfða.

Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Þriðjudaginn 19. september 1972 var varðskipið á eftirlitsferð undan Kötlutöngum. Kl. 0119 var tekið eftir fiskibát skammt frá landi undan Hjörleifshöfða, og hafði hann austlæga stefnu, en beygði skömmu síðar til stjórnborða og hélt SV-læga stefnu.

Kl. 0135 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Báturinn miðast r/v 350 fjarl. 6.5 sml.

Reynisdrangur — 11.4 —

Arnardrangur — 9.2 —

Gefur það stað bátsins um 1.7 sml. frá landi.

Kl. 0141 var staðarákvörðunin endurtekin.

Báturinn miðast r/v 344 fjarl. 4.7 sml.

Reynisdrangur — 10.2 —

Arnardrangur — 7.6 —

Gefur það stað bátsins um 2.1 sml. frá landi.

Kl. 0147 var staðarákvörðunin endurtekin.

Báturinn miðast r/v 336 fjarl. 3.05 sml.

Reynisdrangur — 9.0 —

Arnardrangur — 6.2 —

Gefur það stað bátsins um 2.3 sml. frá landi.

Kl. 0153 var staðarákvörðunin endurtekin.

Báturinn miðast r/v 320 fjarl. 1.4 sml.

Reynisdrangur — 7.9 —

Arnardrangur — 5.1 —

Gefur það stað bátsins um 2.8 sml. frá landi.

Kl. 0201 var komið að m.b. HEIMAHEY, VE-1, sem var að toga með stb. vörpu og hafði V-læga stefnu. Um leið var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins

Reynisdrangur fjarl. 6.45 sml.

Arnardrangur — 4.8 —

Dýpi 91 metrar

Gefur það stað bátsins um 3.2 sml. frá landi.

Haft var samband við skipstjóra bátsins og honum tilkynnt, að hann hefði verið að ólöglegum togveiðum. Var hann spurður að því, hvort hann viðurkenndi brotið, og neitaði hann því. Var honum þá sagt að hífa inn vörpuna og halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað.

Skömmu síðar hífði báturinn inn vörpuna og hélt til Vestmannaeyja.

Veður: VSV 2-3 vindstig, skýjað.

Framanskráðar mælingar voru framkvæmdar af undirrituðum og stýrimanni varðskipsins með gýrókompás, sem er af gerðinni Sperry MK E I, og ratsjá, sem er af gerðinni SPERRY MK 12. Á meðan á mælingum stóð, var lausi fjarlægðarhringurinn borinn saman við föstu fjarlægðarhringina, og var hann réttur.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem staðir bátsins og varðskipsins kl. 0135, kl. 0141, kl. 0147, kl. 0153 og kl. 0201 eru markaðir.“

Sigurður Þorkell Árnason, skipherra á v/s Óðni, kom fyrir dóm í máli þessu og staðfesti skýrslu sína. Kvað vitnið skýrsluna rétta og gerða eftir beztu vitund.

Vitnið kvaðst fyrst hafa séð togvira bátsins kl. 0157, en þó ógreinilega, en þegar varðskipið nálgadist bátinn meira, sá vitnið, að það hafði séð það rétt, að hér var um togvira að ræða.

Aðspurt kvað vitnið útilokað, að báturinn hafi kastað, eftir að fyrst sást til hans, því hann hélt sig ætíð á jafnri togferð.

Vitnið sá, er varpan var hífð upp, og sá það, að aflinn var u. þ. b. tveir þokar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Kristján Þorbergur Jónsson, III. stýrimaður á v/s Óðni, kom fyrir dóm í máli þessu.

Vitnið kvað skýrslu skipherra rétta eftir því, sem það vissi bezt.

Vitnið skýrði frá því, að fyrst hefði það séð til bátsins í radar, en sá svo til bátsins skömmu síðar í kík, og var það skömmu áður en önnur mæling var framkvæmd. Var báturinn þá með siglingaljós uppi, en ekki vinnuljós.

Vitnið sá togvira bátsins fyrst u. þ. b. fimm mínútum áður en komið var að honum, og sáust vírarnir þá greinilega.

Vitnið taldi útilokað, að báturinn hefði kastað, áður en komið var að honum. Hélt báturinn alltaf sínu striki og sást aldrei snúast, og hélt hann ætíð sama hraðanum.

Vitnið kveðst hafa séð, er híft var, og var aflinn u. þ. b. tveir pokar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ákærði, Sigurður Georgsson, kom fyrir dóm í máli þessu Skýrði hann frá því, að hann hafi ekki vitað, hvað klukkan var, og skýrði hann enn fremur frá því, að hann hafi engar tímasetningar tekið í sambandi við þetta tog. Áætlaði ákærði, að þeir hafi verið búnir að toga í á að gizka 15 mínútur til ½ klukkustund, þegar varðskipið kom að bátnum.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hafi litið í radarinn, þegar kast að var, og var báturinn þá u. þ. b. 3 mílur frá landi.

Sagði hann, að togað hefði verið í V og VNV. Skýrði ákærði frá því, að hann hefði verið einn í brúnni, frá því kastað var og þar til varðskipið kom að. Hefði hann verið einn í brúnni frá því kl. 0100.

Ákærði skýrir frá því, að aflinn í þessu togi hafi verið u. þ. b. 300 kg. Var aflinn tekinn inn í tveim pokum, en mikill hluti var sandkoli.

Þá skýrir ákærði frá því, að áður en kastað var, hafi hann lónað og jafnvel keyrt í suðaustlæga stefnu, en áður hafi hann keyrt í austur.

Ákærði kveðst hafa litið í radar frá þeim tíma, að kastað var og þar til varðskipið kom að, og hafi hann þá verið 3.2—3.3 sml frá ströndinni. Aðspurður kvaðst ákærði einungis hafa miðað við ströndina, en ekki tekið aðra punkta.

Í sambandi við sjókort Landhelgisgæzlunnar, útsetningar varðskipsmanna á fjarlægð bátsins frá landi og misræmi þar á og framburði ákærða sagðist hann eigi geta útskýrt þetta atriði að öðru leyti en því, að hann hafi keyrt í VSV og síðan kastað utan við 3 mílna mörkin.

Þá skýrði ákærði frá því að hann hafi séð til varðskipsins, skömmu eftir að þeir á m/b Heimaey höfðu kastað, og var varðskipið þá í nokkurri fjarlægð. Í framhaldi af þessu tók ákærði fram, að u. þ. b. hálf klukkustund hafi liðið, frá því að varðskipið kom að bátnum og þar til híft var. Þá tók ákærði fram, að allar tímasetningar séu sín ágizkun og geti þar skakkað nokkru um.

Í sambandi við mál þetta upplýsti ákærði, að fleiri bátar hafi verið á þessum slóðum, er varðskipið kom að honum, en ekki voru þessir bátar í nánd við hann, er hann var að lóna fyrir innan landhelgislínu.

Aðspurður, á hvaða dýpi kastað hafi verið í síðasta hali, sagði ákærði, að það hefði verið á 30—32 föðum, og voru látnir út 100 faðmar af vír. Var hlutast til um að fá dýptarmælisrúlluna úr bátnum, og merkti ákærði inn á hana, hvar hann hefði kastað síðast og hvar híft.

Ákærði upplýsir, að hann telji toghraða m/b Heimaeyjar vera 3 sjómílur á klukkustund.

Gústaf Sigurlásson, stýrimaður á m/b Heimaey, VE 1, Heiðarvegi 11, Vestmannaeyjum, kom fyrir dóm í máli þessu.

Skýrði vitnið frá því, að þeir á m/b Heimaey, VE 1, hafi látið reka út af Hjörleifshöfða á tímabilinu frá því kl. 2200 mánudagskvöld 18. september s.l. til kl. 0100 þriðjudaginn 19. september. Stóð vitnið eitt vakt í brúnni á þessum tíma.

Kl. 0100 vakti vitnið ákærða og fór síðan í koju. Eftir nokkurn tíma var mannskapurinn ræstur, og var síðan kastað, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hversu langur tími leið, frá því það fór í koju og þar til ræst var.

Vitnið hafði ekki mið í land, þegar kastað var, og ekki vissi það, hversu langt frá landi þeir á m/b Heimaey voru þá, og ekki gat vitnið gert sér grein fyrir dýpi, en látnir voru út 100 faðmar af vírum.

Ekki sá vitnið til varðskipsins, þegar kastað hafði verið, og fór það ásamt öðrum skipverjum í koju. Síðan var áhöfnin ræst aftur og þá til að hífa, en ekki vissi vitnið, hversu langur tími leið þarna á milli, en tók fram, að tíminn hefði ekki verið langur.

Þegar vitnið kom upp, lá varðskip rétt við hliðina á m/b Heimaey. Híft var strax, eftir að vitnið kom upp, og var þá varðskipið enn við hlið bátsins.

Ástvaldur Valtýsson, vélstjóri á m/b Heimaey, VE 1, Skólavegi 1, Vestmannaeyjum, gaf skýrslu fyrir sakadómi Vestmannaeyja í máli þessu.

Skýrði vitnið frá því, að mánudagkvöldið 18. september s.l. og aðfaranótt þriðjudagsins 19. september hafi þeir á m/b Heimaey látið reka, en einhvern tíma eftir miðnætti hafi mannskapurinn verið ræstur og hafi þá verið kastað. Ekki vissi vitnið, hversu langt frá landi báturinn var þá, en látnir voru út 100 faðmar af vír.

Vitnið fór í koju, eftir að kastað hafði verið, en ekki löngu síðar var mannskapurinn ræstur til að hífa, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hversu langur tími leið þarna á milli.

Þegar vitnið kom upp, var varðskip við hlið bátsins, og var það þar enn, þegar híft var, en það var skömmu eftir að vitnið kom upp.

Í máli þessu hefur komið fram, að m/b Heimaey, VE 1, var að togveiðum, er varðskipið Óðinn kom að bátnum kl. 0201 að fararnótt þriðjudagsins 19. september 1972. Samkvæmt eiðfestum framburðum yfirmanna varðskipsins kemur fram, að fimm mælingar eru framkvæmdar á stað bátsins frá því kl. 0135, og kemur þar fram, að báturinn heldur sig á jafnri ferð í SV læga stefnu frá stað 1.7 sjómílu frá landi og að stað 3.2 sjómílu frá landi á þessu tímabili. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, er styður þann framburð ákærða, að hann hafi togað í stefnu V og VNV, enda kemur greinilega fram, að slík er ekki stefna bátsins. Þá ber þess að gæta, að hefði báturinn togað í þessa stefnu, hefði hann kastað nokkru austan við þann stað, er varðskipið kom að honum, en á þeim slóðum ber aðstæðum og dýpi alls eigi við það dýpi, sem ákærði og vitni bera, að kastað hafi verið á.

Á hinn bóginn ber á það að líta, að ferðalag bátsins milli mælipunkta samkvæmt skýrslu yfirmanna varðskipsins ber saman við framburð vitna og önnur gögn um það dýpi, er ákærði kastar á og togar síðan eftir.

Með hliðsjón af þessu og með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti samkvæmt framkomnum gögnum í máli þessu þykir fullsannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðimarka, og hefur hann því unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir og þar eru rétt tilfærð.

M/b Heimaey, VE 1, er samkvæmt alþjóðamælibréfi bátsins 104.58 brúttórúmllestir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 20. september 1972, jafngilda 100 gullkróur 4.335.16 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 19. september 1972, voru afli og veiðarfæri m/b Heimaeyjar, VE 1, metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 76.000.00
Fiskafli	— 76.602.00

Kr. 152.602.00

Með skírskotun til þessa og með hliðsjón af málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 50.000.00 króna sekt í Landhelg-

issjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd inna 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að gera upptækan allan afla og veiðarfæri um borð í m/b Heimaey, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Georgsson, greiði kr. 50.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri um borð í m/b Heimaey, VE 1, skulu gerð upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. marz 1973.

Nr. 127/1972: Ólafur Björnsson f. h. Skóvals
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

Magnúsi Thorlacius

f. h. Chausses Clerget

og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ömerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 15. marz 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 2. október 1972. Aðaláfrýjandi á-